

Þrettánda fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis.

Lundarskóli 14.11.06. kl.20.00.

Mætt: Bryndís, Ingibjörg, Ingvar og Sædís frá Hverfisnefnd, Brynjar frá Foreldrafélagi Lundarskóla og Þorsteinn Pétursson forvarnarfulltrúi Lögreglunnar.

Í upphafi var starf hverfisnefndar kynnt fyrir Brynjari og rætt um hugmyndir nefndarinnar að samstarfsverkefnum með foreldrafélagi skólans.

Þorsteinn Pétursson kom um 20.30 og kynnti hann umferðarmál í hverfinu og ýmislegt sem mætti betur fara. Má þar nefna dæmi eins og aðgengi að Lundarskóla, stærri skermar mættu vera á gangbrautarljósum við skólana ásamt því sem gangbrautirnar mættu vera betur merktar. Einnig var rætt um hættur við gatnamót Þingvallarstrætis og Dalsbrautar. Þorsteinn kynnti og fyrirkomulag umferðargæslu lögreglunnar á morgnana þegar börnin fara í skólana.

Hverfisnefnd lýsti yfir ánægju sinni með upplýsingar frá Þorsteini og bað um hugmyndir frá honum um hvað nefndin gæti gert til þess að bæta umferðarmenningu við skólann og benti hann á tvö mál í því sambandi og er nefndin strax farin að skoða ýmsa möguleika. Annarsvegar benti hann á að hægt væri að fá kostunaraðila til að kaupa vesti eða önnur endurskinsmerki fyrir börn í yngstu bekkjardeildum skólans. Hinsvegar væri hægt að kaupa færanlegt skilti sem mælir umferðarhraða og væri hægt að færa á milli ljósastaura kringum skólann.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 22.10.